

## FUNDARGERÐ

### SKJALALYKILL

3350-003-FUN-118-V01

### DAGS. / TÍMI FUNDAR

26.05.2020 / 14:00 – 15:30

### NR. FUNDAR

118

### VERKHEITI

**118. fundur Starfshóps um rekstrartruflanir (START)**

### VERKKAUPI

START hópurinn

### FUNDAREFNI

1. Kostnaður vegna skorts, staða verkefnis.
2. Stuðlar ársins 2019 og gögn til Orkustofnunar
3. Gögn ársins 2019 og staða skráningar
4. Önnur mál

### FUNDARGERÐ

IB / 17.05.2019

### FUNDARBOÐARI

IJB

### FUNDARSTAÐUR

RARIK

### FUNDARMENN

Ragnar Stefánsson (RS)  
 Benedikt Einarsson (BE)  
 Gunnar Haukur Gunnarsson (GHG)  
 Kjartan Rolf Árnason (KRA)  
 Ragnar Emilsson (RE)  
 Rán Jónsdóttir (RJ)  
 Ingvar Júlíus Baldursson (IJB)  
 Kolbrún Reinholdsdóttir (KR)  
 Jónas Hlynur Hallgrímsson (JHH)  
 Haukur Ásberg Hilmarsson (HÁH)

Fjarfundur  
 Fjarfundur  
 Fjarfundur  
 Fjarfundur

### FYRIRTÆKI

Landsnet  
 Veitur  
 Norðurorka  
 RARIK  
 Orkubú Vestfjarða  
 Orkustofnun  
 EFLA  
 EFLA  
 EFLA  
 EFLA

### FJARVERANDI

Egill Sigmundsson (ES)

### FYRIRTÆKI

HS-Veitur

### DREIFING

START hópurinn

### FYRIRTÆKI

### FUNDARSKJÖL

...

### NÆSTI FUNDUR

17.09.2020 / 10:00

## DAGSKRÁ OG EFNI FUNDAR

## ÁBYRGÐ / ÁKVÖRÐUN

Fundur START hópsins var að þessu sinni haldinn hjá EFLU og sem fjarfundur í Teams.

### 1. Kostnaður vegna skorts, staða verkefnis.

JHH fór yfir stöðuna á verkefnum vegna kostnaðar vegna skorts. Spurningarkönnun til heimila er unninn í samvinnu við Gallup og fór hún á spurningarhóp hjá þeim um miðjan maí. Það eru komin tæplega 500 svör. Markmiðið er að ná 800 svör. Gengið verður frá skýrslu og niðurstöður kynntar á næsta fundi, í september.

Spurningarkönnun hjá stórnotendum. Fyrirtækin hafa fengið spurningar sendar til sín og hafa 3 fyrirtæki skilað inn svörum. Eftir er að fá svör frá 6 fyrirtækjum. COVID hefur tafið svörun. Unnið verður að því að fá svör frá fyrirtækjunum fyrir sumarfrí.

JHH og HÁH yfirlit fundinn.

### 2. Stuðlar ársins 2019 og gögn til Orkustofnunar

Drög að skýrslu „Stuðlar um afhendingu raforku, 2010-2019“ er komin til yfirlestrar hjá hópnum. KR fór yfir skýrsluna. Víðtækar truflanir voru í desember 2019. Straumleysismínútur í desember voru meiri en samanlagðar straumleysimínútur síðustu þriggja ára.

KRÁ benti á að tilvik eins og þessi hafi áhrif á tölfræðina næstu 10 ár, setti fram þá spurningu hvort taka ætti þessi tilvik út úr tölfræðinni.

### 3. Gögn ársins 2019 og staða skráningar

KRÁ. Það voru margar truflanir hjá RARIK á stuttum tíma í desember. Það tók langan tíma að ljúka við skráningu truflana, einnig voru örðuleikar með skráningarforritið og mat á skerðingu. Núna er verið að skipta yfir í nýtt skráningarforrit, það kemur frá ABB og tengist nýju fjargæslukerfi (SCADA kerfi) sem er verið að innleiða frá sama framleiðanda. Fjargæslukerfið mun skrá sjálfvirkt truflanaskýrslur, einnig verður hægt að skrá skýrslur á hefðbundin hátt. IJB nefndi að gangskil uppfylli kröfur START hópsins.

RS. Desemberóveðrið hafði mikil áhrif á rekstur flutningskerfisins. Fara þarf aftur til ársins 2012 til að finna sambærileg straumleysimínútnagildi í raforkukerfinu. Ennþá er óljóst hvernig disselvinnsla á Dalvík verði skráð, en varðskipið Þór var tengt við raforkukerfið og sá um raforkuframléiðslu í straumleysinu. Skráning truflanaskýrslna er í góðum farvegi í ár. Við hver mánaðarmót er unninn skýrsla um rekstrartruflanir með gagnateningi. Það eru kynslóðaskipti hjá þeim sem sjá um að skrá truflanir og er óskað eftir nýrri útgáfu að handbók um skráningu truflana. Einnig þarf að bæta við rekstrareiningu fyrir SVC (þétta- og spóluvirki) í kerfið.

GHG. Síðasta ár gekk vel. Norðuroka slapp við truflanir í desember, en það mátti ekki miklu muna að orkuafhending til þeirra hefði rofnað. GHG nefndi að þeir hafa fengið truflanir tengdar stillingum á liðaverndabúnaði, sem mætti betur huga að í framtíðinni.

RE. Heildarfjöldi truflana hjá OV á árinu 2019 er svipað og 2018. Truflanir seinni hluta ársins voru vegna kerfi Landsnets.

BE. Síðasta ár gekk vel hjá Veitum, desemberóveðrið náði ekki til höfuðborgarsvæðisins. Það var smá tregða í að koma gögnum til EFLU. Skráning í ár gengur vel.

#### 4. Önnur mál

- a) IJB fór yfir tímanotkun ársins 2020 og er hún á áætlun. RS, Landsent óskar eftir því að aðgreina á reikningi kostnaði sem er vegna verkþáttar „Kostnaður vegna skorts“.
- b) RS nefndi ósk Landsnets um nýja útgáfu af handbók og bæta við rekstraeiningu fyrir þétta- og spóluvirki (SVC).

Fundi slitið 15:30. Næsti fundur er fyrirhugaður fimmtudag 17. september 2020, hjá HS Veitum.

Ingvar J. Baldursson

Gögn dreift fyrir fund:

„STUÐLAR UM AFHENDINGU RAFORKU - DRÖG. Árin 2010-2019“

Sýnt var en ekki dreift:

- Glærur:  
Kostnaður vegna skorts, staða verkefnis.  
Kynning á skýrslu: „Stuðlar um afhendingu raforku. Árin 2010-2019“
- Tímanotkun verkefna

Verkefni

IJB, KR Endurbætur á handbók og athuga með SVC rekstareiningu.